

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1144/2009

2010/EES/71/11

frá 26 nóvember 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 ⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Bandalagsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð

ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽³⁾.

- 5) Framkvæmdastjórnin og, í sérstökum tilvikum, nokkur aðildarríki höfðu samráð við yfirvöldin sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum.
- 6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og framkvæmdastjórnarinnar um tækniástoðarverkefni sem unnin eru í löndum sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniástoð og samvinnu til að auka færni yfirvalda á sviði almenningssflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.
- 7) Flugöryggisnefndin hefur einnig verið upplýst um aðgerðir til framfylgdar sem Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og viðhald loftfara sem skráð eru í Evrópubandalaginu og starfrækt eru af flugrekendum sem hafa fengið vottun yfirvalda á sviði almenningssflugs í þriðju löndum.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

Flugrekendur í Bandalaginu

- 9) Sum aðildarríki hafa gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum í kjölfar upplýsinga sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA) sem fór fram á loftföllum tiltekinna flugrekenda í Bandalaginu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum svæðum sem flugmálafyrirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: lögbær yfirvöld í Litháen hafa afturkallað flugrekandaskirteini (AOC) flugrekandans FLYLAL Lithuanian Airlines og lögbær yfirvöld á Spáni hafa hafð málsmæðferð til að fella flugrekandaskirteini flugrekandans Euro Continental tímabundið úr gildi 30. október 2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, 10.6.2010, bls. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

Flugrekandinn Albanian Airlines MAK

- 10) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum af hálfu flugrekandans Albanian Airlines MAK sem hefur fengið vottun í Albaníu. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland, Þýskaland, Ítalía og önnur ríki, sem eiga aðild að Evrópusambandi flugmálastjórna (ECAC), sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætluninni) ⁽¹⁾. Þessir annmarkar varða aðallega loftför af tegundinni MD82.
- 11) Flugrekandinn Albanian Airlines MAK svaraði fyrirspurn flugmálayfirvalda í Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu á viðunandi hátt og fyrir tilsett tímamörk varðandi þær aðgerðir til úrbóta sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum.
- 12) Lögbær yfirvöld í Albaníu (Flugmálastjórn Albaníu (DGCA)) staðfestu hins vegar að annmarkarnir, sem komu í ljós við öryggisskoðun erlendra loftfara, bentu í raun til kerfislegra annmarka í starfrækslu og gæðakerfi flugrekandans Albanian Airlines MAK. Flugmálastjórn Albaníu framkvæmdi ítarlega rannsókn á því hvort flugrekandinn uppfyllti gildandi öryggisstaðla og í kjölfarið ákvað hún að takmarka starfrækslu hans og krefjast skipulagsbreytinga hjá honum. Nánar tiltekið upplýsti Flugmálastjórn Albaníu flugöryggisnefndina um að fækkað hefði verið í flotanum úr þremur loftförum í tvö og að 1. október 2009 hafi loftfar af tegundinni MD-82 með skrásetningarkerfið ZA-ASA verið felld brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans Albanian Airlines og afskráð hinn 1. október 2009. Hinn 23. október takmarkaði Flugmálastjórn Albaníu starfrækslu flugrekandans við það umfang og þá áfangastaði sem voru fyrir hendi þann dag og krafðist þess að flugrekandinn gerði breytingar á stjórnun sinni sem tækju umsvifalaust gildi og að gæðastjórnunarkerfi og öryggisstjórnunarkerfi flugrekandans yrðu styrkt.
- 13) Hinn 11. nóvember kom Flugmálastjórn Albaníu á framfæri athugasemdum við flugöryggisnefndina sem staðfesti að þessar aðgerðir til úrbóta hefðu verið framkvæmdar og teldust ráða bót, með skilvirkum hætti, á þeim öryggisannmörkum sem í ljós hefðu komið.
- 14) Lögbær yfirvöld í Albaníu hafa sýnt fram á að þau hafi gripið til ráðstafana til að tryggja öryggiseftirlit með flugrekandanum Albanian Airlines MAK.
- 15) Lögbær yfirvöld í Albaníu eru hvött til að hraða framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar, sem um getur í 32. forsendu í reglugerð (EB) nr. 787/2007 ⁽²⁾, og minnt á skuldbindingu sína, sem um getur í 33. forsendu í sömu reglugerð, um að gefa ekki út fleiri flugrekandaskírteini þar til endurskipulagningaráætluninni hefur verið hrint í framkvæmd með fullnægjandi hætti. Í ljósi þessa er Albanía hvött til að hraða uppbyggingu færni innan Flugmálastjórnar Albaníu til að tryggja að áframhaldandi

eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Albaníu, fari fram með sjálfbærum hætti og í samræmi við gildandi öryggisstaðla.

- 16) Flugöryggisstofnun Evrópu mun annast eftirlit með stöðlun í Albaníu snemma árs 2010 til að fylgjast með framkvæmd gildandi öryggiskrafna af hálfu lögbærra yfirvalda og fyrirtækja sem sæta eftirliti þeirra.

Flugrekandinn Egypt Air

- 17) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 619/2009 ⁽³⁾ og í kjölfar þess að áætlunin um aðgerðir til úrbóta var lögð fram í júní 2009, hafa lögbær yfirvöld í Egyptalandi lagt fram fjórar skýrslur fyrir mánuðina júlí, ágúst, september og október 2009 til að sýna stöðuna á framkvæmd áætlunarinnar eins og hún hefur verið staðfest af hálfu þessara yfirvalda. Auk þessara skýrslna, þar sem áherslan var á skoðanir á hlaði á loftförum flugrekandans Egypt Air, var þess krafist að lögbær yfirvöld í Egyptalandi legðu fram úttektarskýrslur um viðhald, áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur í tengslum við þennan flugrekanda. Hinn 10. nóvember sendu yfirvöld í Egyptalandi skýrsluna um grunnskoðun á flugrekandanum Egypt Air sem fór fram í október 2009 og leiddi til þess að flugrekandaskírteini flugrekandans var endurnýjað. Úttektarskýrslur um áframhaldandi lofthæfi, flugrekstur og rekstur á jörðu niðri voru ekki sendar. Skjölin, sem voru lögð fram, sýna að jafnvel þótt flugrekandinn hafi náð verulegum árangri væri vænst frekari úrbóta á sviði viðhalds og tæknimála ásamt starfrækslu.
- 18) Lögbær yfirvöld í Egyptalandi hafa einnig skuldbundið sig til að veita upplýsingar um það hvort ráðin hafi verið bót, með viðunandi hætti, á frávikunum sem áður höfðu komið í ljós við skoðun á hlaði á loftförum flugrekandans Egypt Air árin 2008 og 2009. Í því skyni fjölluðu þau um viðkomandi bréfaskipti við tiltekin aðildarríki þar sem loftför flugrekandans Egypt Air höfðu sætt skoðunum á hlaði á tímabilinu 1. janúar 2008 til 30. september 2009. Vinnan við að ráða bót á þessum frávikum stendur enn yfir og skal hún háð reglulegu eftirliti.
- 19) Flugöryggisnefndin viðurkennir þá viðleitni sem flugrekandinn hefur sýnt til að ljúka þeim aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að ráða bót á öryggisástandi sínu ásamt miklum samstarfsvilja sem bæði flugrekandinn og lögbær yfirvöld í Egyptalandi hafa sýnt. Sökum þess hversu umfangsmikil og víðtæk áætlunin um aðgerðir til úrbóta er og nauðsynjar þess að veita sjálfbærar lausnir á þeim annmörkum í öryggismálum sem áður hafa komið í ljós er þess hins vegar krafist að lögbær yfirvöld í Egyptalandi haldi áfram að senda mánaðarlegar skýrslur um staðfestingu á framkvæmd áætlunarinnar og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að ráða bót á frávikunum sem komu í ljós við öryggisskoðun erlendra loftfara auk hvers konar annarra skýrslna um úttektir sem þau gera á flugrekandanum Egypt Air.

⁽¹⁾ DGAC/F-2009-541, -798, LBA/D-2008-805, LBA/D-2009-8, -921, ENAC-IT-2008-602, -750, -648, ENAC-IT-2009-126, -198, -359, -374, -451, -597, -686, -730, DGCATR-2008-519, -347, DGCATR-2009-445, -559.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 12.

⁽³⁾ Stjóð. ESB L 182, 15.7.2009, bls. 4.

20) Þegar áætluninni um aðgerðir til úrbóta er lokið skulu lögbær yfirvöld í Egyptalandi framkvæma lokaúttekt og senda framkvæmdastjórninni niðurstöðurnar ásamt hvers konar tilmælum. Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að sannprófa hvort flugrekandinn hafi framkvæmt aðgerðir til úrbóta með því að senda aðila af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu í heimsókn með aðstoð aðildarríkjanna. Á meðan skulu aðildarríkin halda áfram að tryggja að skoðunum verði fjölgað hjá flugrekandanum Egypt Air til að skapa grundvöll fyrir endurmat þessa máls á næsta fundi flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekandinn Yemenia Yemen Airways

21) Samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 715/2008 og 1131/2008⁽¹⁾, héldu aðildarríkin áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Yemenia uppfyllti viðeigandi öryggisstaðla á skilvirkan hátt með reglulegum skoðunum á hlaði á loftförum hans sem lentu á flugvöllum í Bandalaginu. Árið 2009 tilkynntu Frakkland, Þýskaland, Ítalía og Breska konungsríkið um slíkar skoðanir. Framkvæmdastjórnin fékk í hendur gögn sem sýndu fram á að flugrekandinn brást við á viðeigandi hátt og fyrir tilsett tímamörk til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós við þessar skoðanir.

22) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (EB) nr. 619/2009 bárust framkvæmdastjórninni viðbótarupplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í Jemen sem og frá flugrekandanum Yemenia Yemen Airways um framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta á sviði viðhalds og rekstrar.

23) Lögbær yfirvöld í Jemen tilkynntu framkvæmdastjórninni um sannprófun sem þau framkvæmdu á viðhalds-aðstöðu flugrekandans Yemenia eftir að samþykki hans fyrir viðhaldsfyrirtæki, EASA.145.0177, hafði verið felld tímabundið úr gildi með það fyrir augum að meta hvort flugrekandinn Yemenia uppfylli jemenska staðalinn YCAR-145. Lögbær yfirvöld í Jemen framsendu endurskoðaða áætlun um aðgerðir til úrbóta frá flugrekandanum Yemenia, dagsetta 15. september 2009, í kjölfar úttektar yfirvalds á sviði almenningssflugs og veðurfræði (CAMA) á viðhaldsfyrirtæki flugrekandans Yemenia í samræmi við kröfur í hverju ríki fyrir sig (YCAR-145) ásamt eftirfylgniúttekt af hálfu yfirvalds á sviði almenningssflugs og veðurfræði, dagsettri 20. september 2009. Í báðum skjölunum kom fram að ráðin hefði verið bót á öllum frávikunum. Á fundi flugöryggisnefndarinnar, hinn 10. nóvember 2009, lagði yfirvald á sviði almenningssflugs og veðurfræði auk þess fram einstök fylgiskjöl sem sýndu fram á að ráðin hefði verið bót á frávikunum.

24) Enn fremur var flugöryggisnefndinni tilkynnt, á þessu stigi, um jákvætt mat af hálfu Flugöryggisstofnunar

Evrópu og lögbærra yfirvalda í Frakklandi um framkvæmd flugrekandans Yemenia á aðgerðum til úrbóta til að endurheimta evrópska viðhaldssamþykkið sitt.

25) Framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt þá viðleitni sem flugrekandinn Yemenia hefur sýnt til að ráða bót á þeim anmörkum í öryggismálum sem komið hafa í ljós í hinum ýmsu úttektum. Framkvæmdastjórnin hefur einnig veitt því athygli að flugrekandinn Yemenia hefur lokið áætlun um aðgerðir til úrbóta á sviði viðhalds eins og tilkynnt var um í mati sem yfirvald á sviði almenningssflugs og veðurfræði annaðist á þessu sviði. Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin munu skipuleggja vettvangsheimsókn til Jemen, eins fljótt og auðið er, til að sannprófa öryggisástand flugrekandans Yemenia í því skyni að meta hvort hann uppfylli í reynd alþjóðlega öryggisstaðla og til að meta getu yfirvalds á sviði almenningssflugs og veðurfræði til að tryggja eftirlit með öryggi alls almenningssflugs í Jemen.

26) Aðildarríkin munu sannprófa á kerfisbundinn hátt hvort flugrekandinn Yemenia uppfylli viðeigandi öryggisstaðla á skilvirkan hátt með því að hafa skoðun loftfars þessa flugrekanda á hlaði í forgangi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008. Flugöryggisnefndin mun endurskoða þetta tilvik á næsta fundi sínum.

Flugrekendur frá Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu)

27) Austur-Kongó (alþýðulýðveldið) upplýsti framkvæmdastjórnina um að flugrekstrarleyfi eftirfarandi flugrekenda hefði verið afturkallað: Virunga Air Charter, Air Navette, Air Beni, Air Boyoma, Butembo Airlines, Sun Air services, Rwakabika Bushi Express, Aigle Aviation, Kivu Air, Comair, Free Airlines, Great Lake Business Company, Air Infini, Bel Glob Airlines, Safari Logistics, Tembo Air Services, Katanga Airways, Cargo Bull, Africa One, Malila Airlift, Transport Aérien Congolais (TRACO), El Sam Airlift, Thom's Airways, Piva Airlines, Espace Aviation Service. Þessir flugrekendur hættu starfsemi sinni 30. júlí 2009.

28) Enn fremur tilkynntu lögbær yfirvöld í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) um afturköllun flugrekstrarleyfa flugrekenda sem framkvæmdastjórnin hafði ekki áður verið tilkynnt um að hefðu flugrekstrarleyfi: Air Fox, Trans Kasai Air, Wetrafa, Adala Airways, Executive Aviation, Flight Express, Katana Airways, Showa Air Cargo, Gloria Airways, Soft Trans Air, Lomami Aviation, Pegassus Aviation, African Trading and Transport, Brooks Trading. Þessir flugrekendur hættu starfsemi sinni 30. júlí 2009.

29) Í ljósi þess sem að framan greinir, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að fyrrnefndir flugrekendur, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu), skulu felldir brott úr viðauka A.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 39 og Stjtið. ESB L 306, 15.11.2008, bls. 49.

Flugrekendur frá Djíbútí

- 30) Færðar hafa verið sönnur á vangetu yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með flugrekendum, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Djíbútí, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum eins og sýnt er fram á með úttekt í Djíbútí, sem var framkvæmd af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í mars 2008 innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í þessari úttekt var greint frá fjölmörgum, verulegum annmörkum að því er varðar getu flugmálafyrivalda í Djíbútí til að bera ábyrgð á eftirliti með flugöryggi. Þegar úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum lauk höfðu yfir 96% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda.
- 31) Færðar hafa verið sönnur á vangetu lögbærra yfirvalda í Djíbútí til að ráða bót á frávíkunum sem Alþjóðaflugmálastofnunin uppgötvaði, eins og skýrist af þeirri staðreynd að Alþjóðaflugmálastofnunin álitur í lokaskýrslu sinni frá febrúar 2009 að verulega stór hluti þeirra aðgerða til úrbóta, sem hafa verið lagðar til eða framkvæmdar af hálfu þessara yfirvalda, ráði í raun ekki bót á þeim annmörkum sem í ljós komu. Alþjóðaflugmálastofnunin taldi einkum að á sviði starfrækslu loftfara væru meira en tveir þriðju þeirra aðgerða, sem yfirvöld í Djíbútí lögðu til, ekki að öllu leyti viðunandi.
- 32) Auk þess kom Alþjóðaflugmálastofnunin á framfæri við öll ríki, sem eru aðilar að Chicago-samningnum, alvarlegum áhyggjum sínum af öryggisvandamálum til að vekja athygli á því að Djíbútí hefði hvorki komið á áreiðanlegu kerfi til eftirlits með flugrekendum, sem lögbær yfirvöld í Djíbútí hafa veitt flugrekandaskírteini, né gripið til viðunandi aðgerðaáætlunar til að ráða bót á ástandinu.
- 33) Með hliðsjón af framangreindu hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Djíbútí, lét í ljós þungar áhyggjur sínar af rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í þessu ríki, og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld í Djíbútí hafa gripið til í því skyni að bregðast við þeim frávíkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og athugasemdum varðandi það hvort aðgerðirnar til úrbóta séu ásættanlegar.
- 34) Lögbær yfirvöld í Djíbútí (DACM) upplýstu framkvæmdastjórnina um að framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem ætlað er að ráða bót á þeim frávíkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, hefði tafist og að litid væri svo á að einungis hefði verið ráðin bót á takmörkuðum fjölda frávíka. Lögbær yfirvöld í Djíbútí veittu hvorki upplýsingar um aðgerðir, sem gripið hefði verið til, né lögðu fram sönnun þess efnis að ráðin hefði verið bót á viðkomandi frávíkum með fullnægjandi hætti. Lögbær yfirvöld í Djíbútí brugðust ekki við athugasemdum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi mikilvægi þess að ráða bót á frávíkum vegna 34 aðgerða sem Alþjóðaflugmálastofnunin taldi ófullnægjandi.
- 35) Lögbær yfirvöld í Djíbútí staðfestu að tvö banaslys hefðu átt sér stað 2002 og 2007 þar sem loftfar af tegundinni

Let 410 og loftfar af tegundinni Antonov 26 komu við sögu. Hins vegar veittu þau hvorki upplýsingar um flugslysarannsóknirnar né aðgerðirnar sem þau gripu til í því skyni að grafast fyrir um orsakir þessara slysa.

- 36) Lögbær yfirvöld í Djíbútí upplýstu framkvæmdastjórnina um að þau hefðu fellt úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans Djibouti Airlines hinn 30. júlí 2009, og að flugrekandinn hefði hætt starfsemi sinni þann dag. Þau upplýstu einnig að þau hefðu fellt úr gildi flugrekandaskírteini Daallo Airlines hinn 15. september. Flugrekandinn Daallo Airlines heldur hins vegar áfram að hafa flugrekstrarleyfi og notar loftför af tegundinni DC9, sem skráð eru á Kómoréyjum, loftför af tegundinni Antonov 24, sem skráð eru í Armeníu, og loftför af tegundinni Ilyushin 18 sem skráð eru í Kasakstan. Ekki voru veittar upplýsingar um hverjir væru raunverulegir flugrekendur þessara loftfara. Lögbær yfirvöld í Djíbútí hafa ekki sýnt fram á að þau séu í aðstöðu til að sinna á skilvirkan hátt skyldum sínum varðandi öryggiseftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Djíbútí.
- 37) Í ljósi þessa, á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana, er það því metið svo að allir flugrekendur sem hafa fengið vottun í Djíbútí skuli skráðir í viðauka A.

Flugrekendur frá Vestur-Kongó

- 38) Í nóvember 2008 framkvæmdi Alþjóðaflugmálastofnunin úttekt í Vestur-Kongó samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Eftirfarandi frávík hafði í för með sér alvarlegar áhyggjur af öryggisvandamálum: „*Flugmálafyrvöld í Vestur-Kongó ((ANAC) National Civil Aviation Agency) hafa gefið út tiltekinn fjölda flugrekandaskírteina án þess að hafa komið á og tekið í notkun ferli fyrir vottun flugrekenda og stöðugt eftirlit með þeim. Þar af leiðandi hafa þessi flugrekandaskírteini verið gefin út án þess að flugmálafyrvöld í Vestur-Kongó hafi tryggt að flugrekendurnir uppfylli staðlana í 6. viðauka Chicago-samningsins eða ákvæðin í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8335. Auk þess starfa sumir flugrekendur með bráðabirgðaflugrekstrarleyfi og án flugrekandaskírteinis*“. Þessar alvarlegu áhyggjur af öryggisvandamálum eru enn við lýði.
- 39) Við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar komu í ljós 63 frávík sem sýndu að alþjóðlegir öryggisstaðlar hefðu ekki verið innleiddir með skilvirkum hætti. Af þessum sökum lagði Vestur-Kongó fram áætlun um aðgerðir til úrbóta. Meira en þriðjungur fyrirhugaðra aðgerða til úrbóta var ekki samþykktur af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 40) Hinn 26. ágúst 2009 lenti vöru loftfar, sem starfrækt er af flugrekandanum Aero Fret Business, sem hefur fengið vottun í Vestur-Kongó, í slysi nálægt flugvælinum í Brazzaville þar sem allir farþegarnir sex létust. Þar sem atvikið átti sér stað í Vestur-Kongó ber það ríki ábyrgð á öryggisrannsókninni sem verður að fara fram samkvæmt ákvæðum 13. viðauka við Chicago-samninginn í því skyni að greina orsök slyssins og koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Í úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar komu einnig í ljós ellefu annmarkar á sviði slysarannsóknna í Vestur-Kongó og sex af þeim aðgerðum til úrbóta sem lagðar voru til töldust ófullnægjandi.

- 41) Lögbær yfirvöld í Vestur-Kongó upplýstu framkvæmdastjórnina á tveimur fundum, sem haldnir voru í Brussel, um að þau hygðust hefja endurvottun á þremur flugrekendum með aðstoð sérfræðinga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessi yfirvöld sendu einnig ákvarðanir sínar, dagsettar 15. október 2009, þar sem flugrekendum Aero-Service, Equafight Services, Société Nouvelle Air Congo og Trans Air Congo var veitt flugrekandaskirteini í eitt ár. Sama dag upplýstu lögbær yfirvöld í Vestur-Kongó flugrekendurna Aero Fret Business, Canadian Airways, Congo Airways (WAC), Emeraude, Equajet, Heli-Union Congo, Mani Air Fret, Mistral Aviation og Protocole Aviation um að flugrekandaskirteini þeirra hefðu verið afturkölluð á meðan athugun á nauðsynlegum skjölum til að fá nýtt flugrekandaskirteini færi fram. Auk þess hafa flugrekandaskirteini eftirfarandi flugrekenda verið afturkölluð: Air Cargo International, BIP Congo, Brazza Airways, Clesh Aviation, Finalair, Heavy Lift Congo, Ligne Aérienne Colombe, Locair Craft, Maouene, Natalco Airlines og United Express Service. Hins vegar sýndu þessi yfirvöld hvorki fram á að vottunarferlið, sem viðhaft var við útgáfu hvers konar flugrekandaskirteina, uppfylli viðkomandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar né að eftirlitið með þeim flugrekendum sem þau hafa veitt flugrekandaskirteini fari fram í samræmi við þessa staðla.
- 42) Lögbær yfirvöld í Vestur-Kongó hafa sent skriflegar greinargerðir til flugöryggisnefndarinnar varðandi ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að ráða bót á þeim alvarlegu öryggisvandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á sem og aðrar vanefndir sem tilgreindar voru í úttektarskýrslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Framkvæmdastjórnin tekur tillit til allra ráðstafana sem lögbær yfirvöld í Vestur-Kongó hafa skuldbundið sig til að gera hingað til og hvetur þau til að auka viðleitni sína til að hrinda í framkvæmd aðgerðum til úrbóta með sjálfbærum hætti. Framkvæmdastjórnin mun, í samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina, fylgjast náið með hvers konar þróun í almenningsflugi í Vestur-Kongó og er reiðubúin til að veita tækniaðstoð með það fyrir augum að auka stjórnsýslulega og tæknilega getu yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti í þessu landi.
- 43) Hins vegar hafa lögbær yfirvöld í Vestur-Kongó ekki sýnt fram á fullnægjandi getu til að hrinda viðkomandi öryggisstöðlum í framkvæmd. Í ljósi þess sem að framan greinir og þar til sjálfbær lausn er fundin á því þegar alþjóðlegum stöðlum er ekki fylgt, þ.m.t. alvarleg öryggisvandamál, og á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna er það metið svo að allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Vestur-Kongó, skuli settir í flugrekstrarbann og skráðir í viðauka A.
- Flugrekendur frá Saó Tóme og Prinsípe**
- 44) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Executive Jet Services sem hefur fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Belgía og Frakkland sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni⁽¹⁾. Flugrekandinn Executive Jet Services hefur ekki brugðist við þessum athugasemdum
- á viðunandi hátt og hefur ekki tekist að sýna fram á að ráðin hafi verið bót á þessum annmörkum með sjálfbærum hætti.
- 45) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum STP Airways sem hefur fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland og Breska konungsríkið sáu um samkvæmt SAFA-áætluninni⁽²⁾. Flugrekandinn STP Airways hefur þó svarað á viðunandi hátt og fyrir tilsett tímamörk fyrirspurn franskra flugmálayfirvalda varðandi þá þætti í rekstri sem tengjast öryggismálum.
- 46) Sannanir eru fyrir því að sumir flugrekendur, sem eru sem stendur í flugrekstrarbanni í Evrópubandalaginu, hafi flutt hluta starfsemi sinnar til Saó Tóme og Prinsípe.
- 47) Nánar tiltekið hafa verið færðar sönnur á að flugrekandinn Hewa Bora Airways, sem hefur fengið vottun í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) og er, sem stendur, í flugrekstrarbanni í Bandalaginu, haldi áfram að nota, samkvæmt endurleigusamningi, loftfar af tegundinni Boeing 767 með raðnúmerið 23178 sem var afskráð í Austur-Kongó (alþýðulýðveldinu) og skráð í Saó Tóme og Prinsípe með skrásetningarmarkið S9-TOP⁽³⁾.
- 48) Enn fremur notar flugrekandinn Africa's Connection loftfar af tegundinni Dornier 228 með raðnúmerið 8068, skráð í Saó Tóme og Prinsípe með skrásetningarmarkið S9-RAS, en það er loftfar sem áður var skráð í Gabon og starfrækt af flugrekandanum SCD Aviation sem hefur fengið vottun í Gabon og er sem stendur í flugrekstrarbanni í Bandalaginu.
- 49) Auk þess hafa verið færðar sönnur á að flugrekandinn British Gulf International, sem hefur fengið vottun í Saó Tóme, sé sami British Gulf International flugrekandinn sem áður hafði fengið vottun í Kirgisistan og settur í flugrekstrarbann⁽⁴⁾ október 2006⁽⁴⁾. Flugrekandinn British Gulf International heldur einnig áfram að nota loftfar af tegundinni Antonov 12 með raðnúmerið 401901. Eitt loftfar af þessari tegund, sem starfrækt er af flugrekandanum, lenti í slysi í Al Habniaya (í Írak) 13. nóvember 2008 sem varð til þess að loftfarið gjöreyðilagðist og sex létu lífið.
- 50) Framkvæmdastjórnin hóf samráð við lögbær yfirvöld í Saó Tóme og Prinsípe, með hliðsjón af framangreindu ástandi, þar sem hún lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekendanna Executive Jet Services og STP Airways sem og flutningi í skrá Saó Tóme á loftfari sem notað er af flugrekanda sem er, sem stendur, í flugrekstrarbanni í Bandalaginu og biður um skýringar á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til í því skyni að bregðast við þessum áhyggjum.

(1) CAA-UK-2009-126, DGAC/F-2009-137, DGAC/F-2009-257, DGAC/F-2009-779, DGAC/F-2009-1776.

(2) BCAA-2009-122, DGAC/F-2009-2112, DGAC/F-2009-2113.

(3) Stjtið. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 28.

(1) BCAA-2009-122, DGAC/F-2009-2112, DGAC/F-2009-2113.

- 51) Lögbær yfirvöld í Saó Tóme (INAC) upplýstu framkvæmdastjórnina um að við endurvottun flugrekandans Executive Jet Services hefðu þau ákveðið, 26. október 2009, að stöðva tímabundið starfrækslu loftfars af tegundinni Boeing 767 með raðnúmerið 23178 og skrásetningarkerkið S9-TOP sem starfrækt er af þessum flugrekanda.
- 52) Flugrekandinn Executive Jet Services óskaði eftir því að koma á framfæri athugasemdum við flugöryggisnefndina og gaf skýrslu um þær aðgerðir sem hann hefur skuldbundið sig til að grípa til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við SAFA-áætlunina.
- 53) Lögbær yfirvöld í Saó Tóme upplýstu framkvæmdastjórnina um að við endurvottun flugrekandans STP Airways hefðu þau ákveðið, 26. október, að stöðva tímabundið starfrækslu tveggja loftfara af tegundinni Boeing 767 með raðnúmerin 25411 (skrásetningarkerkið óþekkt) og 26208 (skrásetningarkerkið S9-DBY), sem voru afskráð í kjölfarið. Lögbær yfirvöld í Saó Tóme tilkyntu að jafnvel þótt flugrekandinn STP Airways væri með gilt flugrekandaskírteini væru, sem stendur, engin loftför skráð í það skírteini.
- 54) Flugrekandinn STP Airways óskaði eftir því að koma á framfæri athugasemdum við flugöryggisnefndina og gaf skýrslu um þær aðgerðir sem hann hefur skuldbundið sig til að grípa til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við SAFA-áætlunina. Hann staðfesti að ekkert loftfar væri starfrækt lengur og hann hyggðist óska eftir því að flugrekandaskírteini hans yrði fellt tímabundið úr gildi.
- 55) Lögbær yfirvöld í Saó Tóme upplýstu að þau hefðu gefið út 13 flugrekandaskírteini en þrjú þeirra hefðu verið fellt tímabundið úr gildi eða afturkölluð. Hins vegar lögðu lögbær yfirvöld í Saó Tóme ekki fram sönnun þess efnis að þau hefðu fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað flugrekandaskírteini flugrekandanna Sky Wind, Styron Trading og Jet Line.
- 56) Gögnin, sem lögbær yfirvöld í Saó Tóme lögðu fram, sýndu að aðalstarfsstöð meira en helmingis flugrekandanna, sem voru handhafar gilda flugrekandaskírteina, sem þessi yfirvöld höfðu gefið út, væri utan Saó Tóme og Prinsípe. Það eru einkum flugrekendurnir British Gulf International Company Ltd, Global Aviation Operation, Goliaf Air, Transafrik International Ltd, Transcargo og Transliz Aviation sem hafa ekki aðalstarfsstöðvar sínar í Saó Tóme eins og sést á svari þeirra við fyrirspurn framkvæmdastjórnarinnar sem og heimilisföngunum sem tilgreind eru í flugrekandaskírteinum þeirra.
- 57) Lögbær yfirvöld í Saó Tóme sýndu ekki fram á að þau ræktu skyldur sínar varðandi öryggiseftirlit með flugrekendunum, sem hafa fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe, í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur þar sem verulegur hluti þessara flugrekenda stundi enga starfrækslu í Saó Tóme að staðaldri og lögbær yfirvöld í Saó Tóme tilgreindu að þau reiddu sig að hluta til á eftirlit lögbærra yfirvalda í ríkjunum þar sem starfrækslan færi í raun fram. Lögbær yfirvöld í Saó Tóme gátu hins vegar ekki lagt fram viðunandi samninga við þessi yfirvöld.
- 58) Auk þess leiddi greining á flugrekandaskírteini, sem lögbær yfirvöld í Saó Tóme og Prinsípe gáfu út, í ljós verulegt ósamræmi, með tilliti til samþykkis á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem eru starfrækt, samþykkis á flutningi á hættulegum varningi og heimildar til flugs í lélegu skyggni sem ekki var unnt að skýra meðan á samráðinu stóð.
- 59) Sannanir eru fyrir mikilli slysatíðni meðal flugrekenda sem hafa fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe. Lögbær yfirvöld í Saó Tóme staðfestu að fjögur banaslys hefðu orðið með loftförum af tegundunum Antonov 12, Ilyushin 76 og DHC 6 sem starfrækt eru af flugrekendum sem eru skráðir í Saó Tóme og Prinsípe. Til að bregðast við þessu ástandi tilgreindu lögbær yfirvöld í Saó Tóme að þau hefðu ákveðið, 21. febrúar 2009, að stöðva tímabundið hvers konar starfrækslu loftfara af tegundinni Antonov 12 sem skráð eru í Saó Tóme og Prinsípe. Lögbær yfirvöld í Saó Tóme staðfestu að loftför af þessari tegund væru enn starfrækt af flugrekendum British Gulf International, Transliz Aviation og Goliaf Air, sem hafa fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe.
- 60) Færðar hafa verið sönnur á tregðu af hálfu lögbærra yfirvalda í Saó Tóme og Prinsípe til að sýna fram á að alþjóðlegir öryggisstaðlar séu uppfylltir, eins og skýrist af þeirri staðreynd að Saó Tóme og Prinsípe hafa stöðugt frestað úttekt af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem var á dagskrá í maí 2007 og apríl 2008, gat ekki farið fram á þessum tíma.
- 61) Í ljósi þessa, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það því metið svo að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Saó Tóme og Prinsípe, uppfylli ekki viðeigandi öryggisstaðla og skuli því skráðir í viðauka A.

Flugrekendur frá Úkraínu

Ukraine Cargo Airways

- 62) Lögbær yfirvöld í Úkraínu upplýstu framkvæmdastjórnina, 22. september, um ákvörðun sína nr. 574 frá 17. ágúst 2009 að starfræksla samkvæmt flugrekandaskírteini nr. 145 frá 20. nóvember 2008, sem flugrekandinn Ukraine Cargo Airways hefði undir höndum, yrði hætt frá og með dagsetningu ákvörðunarinnar. Þegar lögbær yfirvöld í Úkraínu komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina, 11. nóvember 2009, staðfestu þau að „flugrekandinn Ukraine Cargo Airways væri ekki meðal skráðra flugrekenda í Úkraínu“.

- 63) Flugrekandinn Ukraine Cargo Airways skal því, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, felldur brott úr viðauka A.

Volare

- 64) Lögbær yfirvöld í Úkraínu upplýstu framkvæmdastjórnina, 31. júlí 2009, um ákvörðun sína nr. 357, dagsetta 25. maí 2009, um að afturkalla tafarlaust flugrekandaskírteini úkraínska flugrekandans Volare.
- 65) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna skal flugrekandinn Volare því felldur brott úr viðauka A.

Motor Sich

- 66) Í kjölfar samþykktar á reglugerð nr. 619/2009 heimsótti sérfræðingahópur frá Evrópubandalaginu, undir stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu, úkraínska flugrekandann Motor Sich (MSI), hinn 27. október 2009, til að sannprófa stöðuna á framkvæmd aðgerða til úrbóta og hvort ráðin hefði verið bót á annmörkum í öryggismálum, sem áður höfðu komið í ljós, með skilvirkum hætti með tilliti til þess að það yrði gert á sjálfbæran hátt.
- 67) Í skýrslu hópsins kemur fram að flugrekandinn MSI hafi sýnt fram á að framkvæmd hefði verið greining á frumorsök frávikanna sem komu í ljós við SAFA-skoðanirnar. Svo virðist sem greiningin á frumorsökinni sem og áætlanirnar um aðgerðir til úrbóta, sem af henni leiddu, ráði bót á frávikunum á viðunandi hátt. Í heimsókninni lýsti flugrekandinn MSI því yfir að brugðist hefði verið við öllum frávikum sem athygli hafði verið vakin á við SAFA-skoðun á loftförum hans og ráðin hefði verið bót á þeim, þ.m.t. endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS), öryggistyggi í sætum í flugstjórnarklefa, öryggisnet til að skorða farm. Enn fremur var því lýst yfir að útbúin hefðu verið gröf til að reikna út afkastagetu í flugtaki fyrir allar tegundir loftfara og allar flugbrautir í notkun. Þegar hópurinn undir stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu hafði framkvæmt skoðun og/eda farið yfir skjölin fullvissaði hann sig um eftirfarandi: a) ísetningu öryggistygja sem endurbótahlutar í sæti í flugstjórnarklefa í loftförum af tegundunum AN-12, AN-72 og YAK-40; b) ísetningu súrefnisgrímna í flugstjórnarklefa, sem hægt er að setja á sig í skyndingu, í loftfarinu AN-12 (ísetning stóð yfir í loftfarinu UR-11316 á heimsóknartíma hópsins og yfirför hópurinn ísetninguna) c) ísetningu endurbætt jarðvarakerfis í loftför af tegundunum AN-12 og AN-140; d) gröf til að reikna út afkastagetu í flugtaki fyrir allar flugbrautir sem eru í notkun fyrir loftför af tegundunum AN-12 og YAK-40. Þegar lögbær yfirvöld í Úkraínu komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina staðfestu þau að flugrekandinn hefði getu til að nota gæðastjórnunarkerfi og skuldbundu sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina um niðurstöður sannprófunar sem færi fram um þetta mál.

- 68) Með tilliti til flugreksturs skoðaði hópurinn, meðan á heimsókninni stóð, einkum lista yfir lágmarksbúnað, flugrekstrarhandbækur, fyrirkomulag varðandi fartíma-mörk, skjöl og verklag um flugrekstrarstjórnun og brottfarir flugs sem og flugmöppur sem hefur verið skilað og útfylltum flugmöppum. Ekki fannst neitt sem var í ósamræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í heimsókninni sýndi flugrekandinn MSI hópnunum einnig fram á að greining á skráðum fluggögnum hefði verið framkvæmd fyrir öll flug sem flogin hefðu verið á öllum loftförum í starfrækslu.

- 69) Flugrekandinn óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og kom á framfæri athugasemdum sínum, 11. nóvember 2009, þar sem hann lagði fram skriflegar upplýsingar til stuðnings aðgerðum til úrbóta sem framkvæmdar höfðu verið til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem áður höfðu komið í ljós.

- 70) Þegar lögbær yfirvöld í Úkraínu og flugrekandinn höfðu komið athugasemdum sínum á framfæri, 11. nóvember 2009, krafðist flugöryggisnefndin þess að flugmálafyrirvöld legðu fram eftirfarandi skjöl í því skyni að geta ákvarðað hvort tilefni væri til að fella flugrekandann Motor Sich brott úr skránni á þessu stigi: a) sannprófunarúttekt á gæðastjórnunarkerfi flugrekandans; b) staðfestingu á því að öll loftför flugrekandans Motor Sich, sem notuð eru í millilandaflugi, væru útbúin í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einkum: i. öryggistyggi í sætum í flugstjórnarklefa í loftförum af tegundinni AN-12, AN-72 og YAK-40; ii. súrefnisgrímur í flugstjórnarklefa sem hægt er að setja á sig í skyndingu í loftfarinu AN-12; iii. endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS) í loftförum af tegundunum AN-12 og AN-140; c) staðfestingu á því að gögn um afkastagetu í flugtaki fyrir allar flugbrautir sem flugrekandinn Motor Sich notar fyrir loftför af tegundunum AN-12 og YAK-40 sé að finna í flugrekstrarhandbókinni; d) sönnun þess að ráðin hafi verið bót, með fullnægjandi hætti, á 38 frávikum sem flugmálafyrirvöld Úkraínu vakti máls á árið 2009 við eftirlit með flugrekandanum. Lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu þessar upplýsingar fram 16. nóvember.

- 71) Í kjölfar móttöku upplýsinganna, sem lögbær yfirvöld í Úkraínu óskuðu eftir, var það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Motor Sich skuli felldur brott úr viðauka A.

UMAir

- 72) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (EB) nr. 619/2009 heimsótti sérfræðingahópur frá Evrópubandalaginu úkraínska flugrekandann UMAir, hinn 28. október 2009, til að sannprófa framkvæmd aðgerða til úrbóta og hvort ráðin hefði verið bót, með skilvirkum hætti, á annmörkum í öryggismálum, sem áður höfðu komið í ljós, með tilliti til þess að það yrði gert með sjálfbærum hætti.

73) Meðan á heimsókninni stóð var hópnum sýnd uppfærð áætlun um aðgerðir til úrbóta þar sem tilgreint var að gæðastjórinn hefði lokið endurskoðun á aðgerðum til úrbóta sem höfðu verið framkvæmdar. Hins vegar sýndi sannprófun á stöðu frávíka, sem hópur sérfræðinga Evrópubandalagsins vakti máls á í heimsókn sinni til þessa flugrekanda, 28. maí 2009, að jafnvel þótt gert hefði verið verulegt átak, frá þeirri heimsókn, til að ráða viðunandi bót á þeim frávikum sem vakin var máls á var litið svo á að ekki væri búið að ráða bót á tilteknum frávikum sem hafa áhrif á flugöryggi (eftirlit með fluggögnum í DC-9 loftförum) og áframhaldandi lofthæfi, viðhald og tæknimál (enn er ekki farið að nota vöktunaráætlun með ástandi hreyfla fyrir DC-9 og MD-80 loftför). Einnig var, með tilliti til flugreksturs, vakið máls á nýju frávíki sökum ósamræmis í samþykktum lista yfir lágmarksbúnað fyrir loftfar af tegundinni DC-9.

74) Á fundi flugöryggisnefndarinnar, 11. nóvember 2009, staðhæfði flugrekandinn UMAir að hann hefði óskað eftir því að flugrekandaskírteini hans yrði takmarkað þannig að flug til Bandalagsins með loftförum af tegundinni DC-9 yrðu útilokuð. Hinn 11. nóvember gáfu lögbær yfirvöld í Úkraínu út nýtt flugrekandaskírteini þar sem flug til Evrópusambandsins með þessari tegund loftfars var útilokað.

75) Framkvæmdastjórnin hefur veitt athygli þeim úrbótum sem flugrekandinn UMAir hefur gert síðan sérfræðingar frá Evrópubandalaginu heimsóttu hann í maí 2009 ásamt takmörkunum sem settar hafa verið á flugrekandaskírteini flugrekandans. Þar sem flugrekandinn hefur gert verulegt átak til að tryggja öryggi starfrækslunnar í samræmi við alþjóðlega staðla er honum leyfilegt að hefja aftur flug til Bandalagsins með hluta flota síns.

76) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna skal því færa flugrekandann UMAir úr viðauka A í viðauka B og skal honum því leyft að hefja aftur starfrækslu til Bandalagsins með loftfari af tegundinni MD-83 með skrásetningarkerkið UR-CFF.

Heildareftirlit með öryggi flugrekenda frá Úkraínu

77) Eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 619/2009 hefur framkvæmdastjórnin haldið áfram að fylgjast náið með framkvæmd ýmissa ráðstafana sem lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu fyrir flugöryggisnefndina 1. júlí 2009. Í því skyni fóru sérfræðingar Evrópubandalagsins í heimsókn til flugmálayfirvalda í Úkraínu frá 26. til 29. október. Markmið þessarar heimsóknar var að sannprófa stöðuna á framkvæmd aðgerða til úrbóta sem lagðar voru til í því skyni að ráða bót á þeim frávikum sem vakið var máls á í skýrslu um heimsókn sérfræðinga Evrópubandalagsins sem fór fram frá 25. til 29. maí 2009 sem og þeim frávikum sem komu fram í áætluninni um

aðgerðir til úrbóta sem flugmálayfirvöld í Úkraínu lögðu fram 23. júní til að auka öryggisefirlit með flugrekendum undir lögboðnu eftirliti þeirra.

78) Í skýrslunni um heimsóknina er tilgreint að talið sé að lokið hafi verið við að ráða bót á 14 af 33 frávikum, sem vakið var máls á í heimsókninni, sem fór fram í maí 2009, á grunvelli sannana sem lögbær yfirvöld í Úkraínu lögðu fram meðan á heimsókninni stóð. Ekki hefur enn verið ráðin bót á 19 frávikum.

79) Framkvæmdastjórnin hefur veitt athygli þeim úrbótum sem lögbær yfirvöld hafa gert síðan heimsóknin fór fram í maí 2009, einkum hertara eftirliti með úkraínskum flugrekendum sem og að fjölmörg loftför hafa verið felld brott úr úkraínsku skránni (fleiri en 800 loftför af 1600 loftförum árið 2008). Yfirvöld eru hvött til að gera enn meira átak til að styrkja öryggisefirlit.

Flugrekandinn Ariana Afghan Airlines

80) Á grundvelli skjala, sem flugrekandinn lagði fram, vakti framkvæmdastjórnin athygli á að flugrekandinn Ariana Afghan Airlines hefði ráðist í breytingar á stjórnun, að hann hefði ráðið utanaðkomandi sérfræðinga til að aðstoða sig við að endursemja stefnumál sín, verklag og handbækur og að hann hefði keypt tvö Airbus A310 loftför og fengið stuðning frá Turkish Technic við starfrækslu þeirra. Framkvæmdastjórnin vakti einnig athygli á fyrirætlan flugrekandans að gangast undir úttekt Alþjóðasambands flugfélaga.

